

17
13. jan.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar frá 19. sept. 1940, um breyting á reglugerð nr. 50
14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Reglugerð frá 19. sept. 1940, um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl. er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Þær vörur, sem taldar eru í 2. gr. nefndrar reglugerðar og komnar eru til landsins eða komnar í skip, sem á að fara til landsins þá er reglugerð þessi öðlast gildi, má þó flytja til landsins á sama hátt og meðan sú reglugerð var í gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. janúar 1941.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

18
16. jan.

REGLUGERÐ

fyrir lyfjafraeðingaskóla Íslands.

1. gr.

Stúdentspróf er skilyrði fyrir inntöku í skólann. Stúdentar úr máladeild eru þó því aðeins tækir sem nemendur, að þeir hafi lokið sams konar prófi í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði og krafizt er til stúdentsprófs í stærðfræðideild menntaskólanna. Stærðfræðideildarstúdentar, sem eigi hafa numið latínu, skulu innan árs frá upptöku í skólann ljúka prófi í latínu, er jafngildi fjórða bekkjar prófi í stærðfræðideild menntaskólans í Reykjavík í þeirri grein.

2. gr.

Lyfjafraeðinám skiptist í tvo hluta:

- a. Verklegt og bóklegt nám í lyfjabúð, þar sem lyfjafraeðinemi starfar sem nemandi, og lýkur þeim hluta námsins með fyrrihlutaprófi. Sá, er stenztt það próf, öðlast lærdómstítilinn: *examinatus pharmaciae*.
- b. Vísindalegt nám í lyfjafraeðingaskóla, sem skólanefnd Lyfjafraeðingaskólans tekur gildan, og lýkur þeim hluta með lyfjafraeðingaprófi. Sá, er stenztt það próf, öðlast lærdómstítilinn: *candidatus pharmaciae*.

3. gr.

Rétt á að taka nemandur eiga þær lyfjabúðir einar, sem hafa á að skipa að minnsta kosti einum kandiðat auk lyfsalans. Síðan er krafizt eins kandiðats fyrir hvern nemanda, sem við er bætt. Skólanefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef svo stendur á. Engin lyfjabúð má hafa samtímis fleiri nemandur en þrjá.